

MINNISBLAÐ

Til: Hafnarfjarðarbæjar
Frá: Juris slf. / Andri Árnason hrl.
Dagsetning: 19. maí 2015
Efni: Sameining Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans ehf.

A. Inngangur

1. Minnisblað þetta er tekið saman að beiðni Hafnarfjarðarbæjar vegna fyrirhugaðrar sameiningar Iðnskólans í Hafnarfirði við Tækniskólann ehf., og atriða því tengdu.

B. Málsvik

2. Iðnskólinn í Hafnarfirði var stofnaður af Iðnaðarmannafélagi Hafnarfjarðar árið 1928 en reksturinn var yfirtekinn af ríkinu og Hafnarfjarðarbæ árið 1956.¹ Með samningi menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og Hafnarfjarðarbæjar um rekstur Iðnskólans í Hafnarfirði, dags. 24. júlí 1998, var ráðist í útvegun nýs húsnæðis fyrir skólann, með það að markmiði að tryggja skólanum framtíðaraðstöðu til iðnmenntunar í Hafnarfirði með sem hagkvæmustum hætti, sbr. 1. gr. samningsins. Var samið um að með útboði yrði leitað til einkaaðila til að leggja skólanum til húsnæði sem sniðið yrði að þörfum hans. Lagði Hafnarfjarðarbær til lóð við Flatahraun, endurgjaldslaust. Þá var þáverandi húsakosti skólans, þ.e. við Reykjavíkurveg og Flatahraun, afsalað til þess verktaka sem tók að sér byggingu og rekstur nýs húsnæðis, sbr. hér síðar.

3. Svo sem greinir í samningi aðila, og til samræmis við þágildandi lög nr. 80/1996 um framhaldsskóla, var skipting kostnaðar milli ríkis og Hafnarfjarðarbæjar 60/40, sbr. 6. gr. samningsins, en skv. því virðist hafa verið litið svo á að um opinberan framhaldsskóla væri að ræða sem ríki og sveitarfélag stæði sameiginlega að, í skilningi 37. gr. laganna. Í ákvæðinu var gert ráð fyrir að stofnkostnaður vegna framhaldsskóla sem sameiginlega væri staðið að, væri greiddur sameiginlega af ríki

¹ Sbr. umfjöllun í „Könnun á fýsileika sameiningar Iðnskólans í Hafnarfirði og Tækniskólans ehf.“, dags. 21. apríl 2015. Sú yfirtaka er ekki til frekari umfjöllunar hér.

og sveitarfélagi, í tilgreindum hlutföllum, 60% ríki, 40% sveitarfélag. Í samningi þeim sem gerður var þann 24. júlí 1998 var hins vegar ráðgerð önnur leið við fjármögnun húsnæðis skólans, þ.e. leið einkaframkvæmdar, sem í reynd þýddi að „stofnkostnaður“ var ekki greiddur með beinum hætti í upphafi heldur var honum dreift á samningstímamann í formi húsa- og rekstrarleigu.

4. Í 1. gr. framangreinds samnings kemur og fram að samningsaðilar hafi staðið að rekstri Iðnskólans í Hafnarfirði og hyggist gera það áfram, í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1996. Samkvæmt 7. gr. skyldu samningsaðilar leita eftir staðfestingu Alþingis og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á ákvæðum samningsins, eftir því sem þörf væri á. Í fjárlögum fyrir árið 2000 er því til samræmis vísað til hækkunar á framlögum vegna stoðþjónustu, reksturs og leigu á húsnæði vegna Iðnskólans í Hafnarfirði.

5. Þann 18. desember 1998 var síðan, eftir útboð, gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins, fjármálaráðuneytisins og Hafnarfjarðarbæjar, sem verkkaupa, og Nýsis hf. og Ístaks hf., sem verktaka, vegna húsnæðis fyrir Iðnskólann í Hafnarfirði. Fólst verkefnið í að útvega húsnæði og yfirtaka allt eldra húsnæði skólans, sem og að annast þjónustu- og viðhaldsverkefni fyrir skólann í 25 ár. Var leigutíminn ákvarðaður frá 15. ágúst 1999 til 15. ágúst 2024. Að leigutíma loknum hefði skólinn forleigurétt að húsnæðinu. Samningurinn var fyrst uppsegjanlegur frá 15. ágúst 2024.²

6. Þann 18. mars 2015 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra verkefnishóp til þess að kanna fýsileika þess að sameina Iðnskólann í Hafnarfirði og Tækniskólann ehf. og skilaði verkefnishópurinn niðurstöðu sinni þann 21. apríl 2015. Hafnarfjarðarbær átti þó ekki sérstakan fulltrúa í verkefnishópnum og var samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum að öðru leyti ekki haft samráð við bæjarstjórn vegna umræddrar fýsileikakönnunar. Í könnuninni er þó vísað til þess að verkefnishópnum hafi borist ályktun frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar vegna mögulegrar sameiningar, dags. 15. apríl 2015, þar sem lýst var yfir áhyggjum af framtíð skólans.

7. Niðurstaða framangreindrar könnunar var sú að fýsilegt væri að sameina skólana í einn skóla undir merki Tækniskólans ehf.³ Taldi hópurinn mikilvægt að sameinaður skóli yrði í góðu sambandi við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði og að Tækniskólinn ehf. yrði styrk stoð í skólastarfsemi Hafnarfjarðar. Tækniskólinn ehf. þyrfti þannig að eiga samstarf við bæjaryfirvöld um uppbyggingu skólans í Hafnarfirði og tryggja þyrfti reglulegt samstarf milli aðila. Er í könnuninni lagt til að a.m.k. einn skóli verði með aðalstöðvar í Hafnarfirði og skólastjóri hans starfi þar. Þá

² Í kjölfar gjaldþrots Nýsis hf. yfirtóku aðrir aðilar réttindi og skyldur félagsins samkvæmt samningnum.

³ Tækniskólinn ehf. var stofnaður 2008 og er einkarekinn framhaldsskóli í eigu samtaka á sviði atvinnulífsins. Varð hann til við samruna Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands.

er í könnuninni gert ráð fyrir að húsakostur Iðnskólans í Hafnarfirði verði að fullu nýttur.

8. Var framangreind niðurstaða kynnt á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins þann 28. apríl sl., en ekki hefur verið birt formleg ákvörðun um að sameina skólana tvo undir merkjum Tækniskólans ehf. Hin fyrirhugaða sameining hefur þó verið kynnt starfsmönnum Iðnskólans í Hafnarfirði, eftir því sem best er vitað, en engar uppsagnir hafa átt sér stað. Þó kemur fram á vef Tækniskólans ehf. að stjórn skólans hafi ákveðið, vegna fyrirhugaðrar sameiningar, að bjóða öllum fastráðnum starfsmönnum Iðnskólans í Hafnarfirði störf við Tækniskólann ehf., sem og að starfstengd réttindi haldist óbreytt og flytjist yfir í sameinaðan skóla.

9. Með bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Hafnarfjarðarbæjar, dags. 7. maí 2015, var vísað til þess að fundað hefði verið með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar um málefni Iðnskólans í Hafnarfirði og fyrirhugaða sameiningu við Tækniskólann ehf. Er enn fremur vísað til þess að á framangreindum fundi hafi verið ákveðið að stofna starfshóp til þess að greina húsnæðisþörf og gera tillögu um framtíðarfyrirkomulag húsnæðismála vegna starfsemi hins sameinaða skóla í Hafnarfirði. Með bréfinu var óskað eftir því að Hafnarfjarðarbær tilnefndi fulltrúa í starfshópinn.

C. Stofnun framhaldsskóla

10. Ekki virðist hafa tíðkast á síðari árum að framhaldsskólar séu stofnaðir með sérstökum lögum frá Alþingi, heldur gert ráð fyrir því í lögum að Alþingi samþykki stofnun framhaldsskóla með fjárveitingu samkvæmt fjárlögum, sbr. nánar hér á eftir.⁴

11. Samkvæmt eldri lögum um framhaldsskóla, nr. 80/1996, sem í gildi voru þegar samningur milli ríkis og Hafnarfjarðarbæjar um einkaframkvæmd við öflun húsnæðis var gerður, gátu ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla, en í 1. mgr. 37. gr. laganna var kveðið á um að skóli yrði eigi stofnaður „nema með samþykki Alþingis“. Í gildandi lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er kveðið með skýrari hætti á um aðkomu Alþingis að stofnun framhaldsskóla, en samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna getur ráðherra, eftir atvikum í samstarfi við sveitarfélög, eitt eða fleiri, haft frumkvæði að stofnun opinbers framhaldsskóla og er hann stofnaður „með því að Alþingi leggur skólanum til

⁴ Í eldri lögum má finna þess dæmi að menntaskólar hafi verið taldir upp, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1946 um menntaskóla, með síðari breytingum, en þó með heimild til, þegar Alþingi veitti til þess fé, að stofna fleiri menntaskóla í Reykjavík eða nágrenni. Þá voru áður í gildi lög um iðnskóla, sbr. lög nr. 45/1955, en ekki var sérstaklega mælt þar fyrir um Iðnskólann í Hafnarfirði, og er ekki að finna ákvæði um Iðnskólann í Hafnarfirði í gildandi lögum.

rekstrarfé í fjárlögum“.⁵ Í 47. gr. laganna er síðan mælt fyrir um stofnkostnað opinberra framhaldsskóla, en samkvæmt 1. mgr. skal gera samning um stofnkostnað og skiptingu hans, en lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án endurgjalds.

D. Ákvörðun um að leggja af rekstur opinbers framhaldsskóla

12. Að teknu tilliti til framangreinds kemur til álita hvort mennta- og menningarmálaráðherra geti, án aðkomu annars vegar Alþingis og hins vegar Hafnarfjarðarbæjar, m.a. með tilliti til samnings aðila um einkaframkvæmd, dags. 18. desember 1998, ákveðið einhliða að leggja niður Iðnskólann í Hafnarfirði, þ.e. með sameiningu við Tækniskólann ehf. undir merkjum hins síðarnefnda.

13. Í þessu tilliti verður að líta svo á að Iðnskólinn í Hafnarfirði yrði þannig lagður af sem opinber framhaldsskóli, og þar með sem ríkisstofnun, enda felur ráðagerðin í sér verulega eðlisbreytingu á eignarhaldi og á starfsemi skólans. Þannig er ljóst að gert er ráð fyrir að starfsemin færist til skóla sem yrði einkarekinn, þ.e. án ábyrgðar ríkisins, en á grundvelli þjónustusamnings, sbr. til hliðsjónar III. kafli laga nr. 92/2008, sbr. og til hliðsjónar 1. mgr. 43. gr. og 44. gr. sömu laga.

14. Með hliðsjón af framangreindri umfjöllun um nauðsyn á aðild Alþingis að stofnun framhaldsskóla kemur til skoðunar hvort aðkoma Alþingis sé nauðsynleg til að leggja af rekstur opinbers framhaldsskóla, sem stofnaður hefur verið á grundvelli lagaheimildar, eða hvort ráðherra sé heimilt að leggja hann af á grundvelli yfirstjórnunarheimilda sinna, sbr. 4. gr. laga nr. 92/2008. Rétt er að taka fram í þessu sambandi að ráðherra hefur, um heimildir sínar að þessu leyti, í tilefni af öðru máli, jafnframt vísað til 44. gr. laga nr. 92/2008.⁶

15. Í lögum nr. 92/2008 er ekki að finna ákvæði um sameiningu og/eða niðurlagningu framhaldsskóla eða hvaða ferli skuli viðhaft við slíka ákvörðunartöku.⁷ Líkt og að framan greinir er aðkoma Alþingis að stofnun framhaldsskóla í gegnum fjárveitingar til viðkomandi skóla samkvæmt fjárlögum, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2008. Í athugasemdum við ákvæði 4. gr. í greinargerð

⁵ Sjá til hliðsjónar ákvæði 3. mgr. 47. gr. laga nr. 92/2008: „Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags greiðist stofnkostnaður úr ríkissjóði.“

⁶ Sjá svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn tveggja þingmanna um framhaldsskóla á 144. löggjafarþingi í máli nr. 249. Ákvæði 44. gr. laganna mælir fyrir um efni og umfang samninga við framhaldsskóla, en ekki er sérstaklega mælt fyrir um heimildir ráðherra til sameiningar og til að leggja af rekstur opinberra framhaldsskóla að þessu leyti.

⁷ Í tengslum við fyrirhugaðar sameiningar framhaldsskóla hefur þó verið til umræðu á Alþingi hverjar heimildir mennta- og menningarmálaráðherra eru til töku slíkra ákvarðana, og hefur því m.a. verið haldið fram af þingmönnum að nauðsyn sé á aðkomu Alþingis við sameiningu skóla. Kemur sú skoðun m.a. fram hjá þingmanni á 144. löggjafarþingi.

með frumvarpi er varð að lögum nr. 92/2008 kemur fram að um sé að ræða nýtt ákvæði sem byggist að hluta til á 37. gr. laga nr. 80/1996. Eins og áður greinir er tekið fram í ákvæðinu að opinber framhaldsskóli sé stofnaður með því að Alþingi leggi honum til fé í fjárlögum.⁸ Í greinargerðinni segir orðrétt: „Á sama hátt er gert ráð fyrir að opinber framhaldsskóli verði því aðeins lagður niður að í fjárlögum sé gert ráð fyrir að starfsemi hans leggist af, sbr. lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997“.⁹ (áherslubr. höf.)

16. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2015 er eftirfarandi umfjöllun í tengslum við rekstrarstöðu menntastofnana og breytingar í þeim efnunum:

Rekstrarstaða menntastofnanna og verkefni framundan gera það að verkum að nauðsynlegt er að huga að fjármögnun og umfangi starfseminnar á báðum skólastigum. Fyrirsjáanlegt er að nauðsynlegar úrbætur, bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi, verða ekki gerðar nema að skapað verði til þess svigrúm með viðbótar fjármagni eða með því að draga úr umfangi. Gert er ráð fyrir að hvoru tveggja verði gert. Vegna þessara aðgerða og fyrirsjáanlegrar þróunar næstu ár má búast við að rekstrarförsendur einstakra stofnana taki breytingum. Umræðan undanfarin ár hefur oft beinst að mögulegri hagræðingu sem ná megi fram með fækkun stofnana, ýmist með sameiningum eða niðurlagningu. Í því samhengi sem hér er ræðir er fyrst og fremst horft til þess að slík úrræði nýtist til að bregðast við samdrætti í umfangi vegna fækkunar nemenda, fremur en úrræði sem einungis er ætlað að ná fram sparnaði. Því er ekki lagt upp með fyrirfram mótuð sameiningaráform en gert er ráð fyrir að metið verði m.t.t. nemendapróunar hvar slík úrræði geta nýst til þess að stuðla að því að viðhalda breidd í námsframboði, tryggja aðgengi að námi og skapa grundvöll fyrir faglegt starf.

17. Í fjárlögum fyrir árið 2015 er mælt fyrir um fjárveitingar til Iðnskólans í Hafnarfirði og er ekki að því er virðist gert ráð fyrir að starfsemi hans leggist af sérstaklega á fjárlagaárinu, þótt ummæli í frumvarpi til fjárlaga geri ráð fyrir að nauðsyn geti verið á slíkum aðgerðum almennt næstu árin, sbr. hér að framan. Verður því að líta svo á að Alþingi, sem fer með fjárveitingarvaldið, hafi ekki sérstaklega samþykkt í verki að leggjast af starfsemi Iðnskólans í Hafnarfirði.

⁸ Fjárlög eru sérstaks eðlis, einkum að því er varðar efni þeirra og gildistíma, og aðgreina sig að þessu leyti frá almennum lögum. Samkvæmt 41. gr. stjórnarskrárinnar má ekkert gjald greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjárákálögum. Þá skal, fyrir hvert reglulegt Alþingi, þegar það er saman komið, leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir fjárlagsárið, en í því skal fólgin greinargerð um tekjur og gjöld ríkisins, sbr. 42. gr. stjórnarskrárinnar. Með hliðsjón af fjárveitingarvaldi Alþingis hefur verið talið að ákvarðanir og samningar ráðherra, sem hafa í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð, séu bundnar þeim óröðaða fyrirvara að Alþingi samþykki umrædda ráðstöfun í fjárlögum. Hafni Alþingi að samþykkja samning sem felur í sér fjárútgjöld fyrir ríkið hafa dómstólar þannig talið slíkan samning óskuldbindandi fyrir ríkissjóð, en að sama skapi getur þá stofnast skaðabótaskylda á hendur samningsaðila vegna vanheimildarinnar.

⁹ Varðandi sameiningu Iðnskólans í Reykjavík og Fjöltækniskólans, sjá umfjöllun frá árinu 2008 – greinargerð fjárákálagafrumvarps, http://hamar.stjr.is/fjarlagavefur-hluti-ii/greinargerdirograedur/fjaraukalagafrumvarp/2008/i_kafli_5-02.htm.

18. Samkvæmt framangreindu er ljóst að til opinbers framhaldsskóla verður ekki stofnað nema til komi í raun samþykki Alþingis. Í tilvísaðri greinargerð með frumvarpi til laga nr. 92/2008 var að auki gert ráð fyrir því að slíkur skóli yrði ekki aflagður nema aðeins með samþykki Alþingis, en ætla verður að það felist í því að Alþingi taki ákvörðun um að veita ekki fjármunum frekar til viðkomandi skóla. Líta verður því svo á að ráðagerðir mennta- og menningarmálaráðuneytisins um það að leggja af starfsemi Iðnskólans í Hafnarfirði, með sameiningu og yfirtöku einkaaðila á starfseminni, sé háð því að umrædd breyting hljóti samþykki Alþingis við afgreiðslu viðkomandi fjárlaga. Ætla verður þó að tillögugerð í þessa veru og undirbúningur falli undir yfirstjórnarvald ráðherra, sbr. 4. gr. laga nr. 92/2008, en að endanlegir löggæringar þar að lútandi séu í raun háðir samþykki Alþingis í samræmi við framangreint.

E. Aðkoma Hafnarfjarðarbæjar

19. Með samningi menntamálaráðherra, fjármálaráðherra og Hafnarfjarðarbæjar um rekstur Iðnskólans í Hafnarfirði, dags. 24. júlí 1998, var ákveðið að fara þá leið að gera leigusamning um húsnæði fyrir skólann, í stað þess að Hafnarfjarðarbær og ríkið réðust sjálf í framkvæmdir vegna byggingar húsnæðisins. Í inngangi 1. gr. samningsins var tekið fram að „[s]amningsaðilar hafa staðið að rekstri Iðnskólans í Hafnarfirði og hyggjast gera það áfram í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla.“ Þá var og tekið fram að markmið fyrirkomulagsins um útvegum húsnæðisins væri „að tryggja skólanum framtíðaraðstöðu til iðnmenntunar í Hafnarfirði með sem hagkvæmustum hætti“. Svo sem að framan er rakið var við það miðað að kostnaður vegna framkvæmdarinnar skiptist í hlutföllunum 60/40. Á grundvelli framangreinds samnings, og í framhaldi af útboði um verkið, var gerður samningur um leigu á húsnæði, sbr. fyrri umfjöllun. Sá samningurinn er fyrst uppegjanlegur frá 15. ágúst 2024, sbr. 6. gr. samningsins.

20. Líta verður svo á að við þær aðstæður að sveitarfélag og ríkið, þ.m.t. með framangreindum hætti, stofna saman til framhaldsskóla eða endurnýjunar húsnæðis slíks skóla, megi almennt gera þá kröfu að viðeigandi samráð sé haft um verulegar breytingar á þeim rekstri, en ljóst er að sveitarfélag hefur, við þessar aðstæður, jafnan lagt fram umtalsverða fjármuni sem ætla má að hafi verið ráðgerðir til framtíðarreksturs viðkomandi skóla. Rétt er þó að taka fram að í lögum um framhaldsskóla virðist ekki kveðið sérstaklega á um slíkt samráð vegna breytinga á rekstri sérstaklega.

21. Í 48. gr. laga nr. 92/2008 er hins vegar mælt fyrir um samráð vegna breyttrar nýtingar á opinberu skólahúsnæði en samkvæmt 2. mgr. 48. gr. er gert ráð fyrir að sé húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsskólalahalds skuli eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Gerir ákvæðið þannig greinarmun á

því hvort húsnæðinu verði áfram ráðstafað til framhaldsskólahalds eða hvort því sé ráðstafað til annarrar starfsemi, en ákvæðið veitir þó ákveðnar vísbendingar um að viðhafa skuli samstarf um breytingar á nýtingu húsnæðis við slíkar aðstæður. Rétt er þó að geta þess að áhöld kunna að vera um það hvort ráðstöfun skólahúsnæðis til einkaaðila, þó svo að viðkomandi hafi viðurkenningu til framhaldsskólahalds, falli undir framangreint undanþáguákvæði eða ekki. Skilja verður ákvæði 48. gr. svo, þó svo að það sé ekki að öllu leyti skýrt, að það vísi um þetta atriði til áframhaldandi *opinbers framhaldsskólahalds*, en ekki til slíkrar starfsemi sem rekin er af öðrum aðilum. Hér ber að hafa í huga að ráðstöfun húsnæðis til einkaaðila, sem þó nýtur viðurkenningar til framhaldsskólahalds, getur falið í sér *veruleg frávik* frá þeirri nýtingu sem áður var og óeðlilegt að sveitarfélag þurfi að sæta slíkri ráðstöfun án samráðs eða samþykkis. Engu að síður er rétt að líta til þess að framlög sveitarfélaga til stofnkostnaðar framhaldsskóla tengjast almennt þeirri hagsbót sem sveitarfélög eru talin hafa af staðsetningu skóla innan sinna marka. Þannig kann svo að vera að engu skipti fyrir sveitarfélag hvort um opinberan framhaldsskóla er að ræða eða framhaldsskóla sem rekinn er af öðrum, en ljóst er að athugun á slíku væri þá hluti af því samráði sem ætla verður að æskilegt sé við þessar aðstæður. Af framangreindu má því draga þá ályktun að sé ætlunin að ráðstafa húsnæði til einkaaðila sé a.m.k. eðlilegt að viðhaft sé samráð þar að lútandi, og jafnframt, ef um verulegar forsendubreytingar telst vera að ræða, að aðilar þurfi að gera „með sér samkomulag þar um“ í skilningi niðurlagsákvæðis 2. mgr. 48. gr. laga nr. 92/2008. Skiptir hér engu máli, að telja verður, að aðilar lögðu ekki fram stofnframlög sérstaklega við byggingu húsnæðis skólans 1998, heldur skuldbundu sig til greiðslu leigugjalda með leigusamningi til 25 ára, sbr. og hér á eftir.

22. Til viðbótar við framangreint er til þess að líta hvort samningar aðila, annars vegar frá 24. júlí 1998 og hins vegar frá 18. desember s.á., teljist takmarka heimild ráðherra til ofangreindra ráðstafana sérstaklega og hvort af samningunum leiðir víðtækari samráðsskylda, eða eftir atvikum að fyrirhuguð breyting sé háð samþykki Hafnarfjarðarbæjar.

23. Í fyrrnefndum samningi frá 24. júlí 1998 er kveðið á um að samningsaðilar hafi staðið að rekstri Iðnskólans í Hafnarfirði saman og ráðgeri að gera það áfram í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla. Þá er og kveðið á um það markmið aðila að skólanum sé tryggð framtíðaraðstaða í Hafnarfirði. Ekki verður talið að umræddar tilvísanir í markmið aðila, einar og sér, hafi hér úrslita þýðingu eða skerði sérstaklega heimildir ríkisins til að gera breytingar á rekstri skólans, sbr. og hér að framan, og það sem á eftir greinir.

24. Í samningi aðila vegna leigu og reksturs húsnæðisins er kveðið á um leigutíma til ársins 2024. Samningurinn er óuppseggjanlegur. Þó svo að umræddu leigufyrirkomulagi hafi verið ætlað að koma í stað hefðbundinna stofnframlaga í samræmi við þágildandi lög nr. 80/1996, verður ekki framhjá því litið að

samningurinn felur í sér viðvarandi samningsskuldbindingu sem báðir aðilar bera fjárhagslega ábyrgð á. Að teknu tilliti til þeirra markmiða sem samningarnir byggðu á, sbr. hér að framan, og ekki síður með tilliti til þess að leigusamningurinn felur í sér greiðsluskyldu af hálfu Hafnarfjarðarbæjar, verður að ætla að enn frekar en ella sé ástæða til þess að a.m.k. eigi sér stað *samráð* um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi skólans, og eftir atvikum, sbr. umfjöllun í lið 22 hér að framan, þ.e. ef um verulegar forsendubreytingar telst vera að ræða, að umrædd breyting sé háð *samþykki* Hafnarfjarðarbæjar, sbr. til hliðsjónar áður tilvísað niðurlagsákvæði 48. gr. laganna. Af framangreindu leiðir að ef talið er að samningur við einkaaðila um rekstur framhaldsskóla í skólahúsnæðinu teljist fela í sér *verulega breytingu* frá núverandi fyrirkomulagi, eða svonefndan forsendubrest, væri eftir atvikum eðlilegt að ríkið, sem stæði að slíkri ráðstöfun einhliða, leitaði eftir formlegu samþykki Hafnarfjarðarbæjar, en yfirtæki ella skuldbindingu Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt leigusamningnum að öllu leyti.

F. Niðurstaða

25. Í lögskýringargögnum með lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla er gert ráð fyrir að framhaldsskóli verði aðeins lagður niður með samþykki Alþingis. Líta má svo á að ráðagerðir mennta- og menningamálaráðuneytisins um breytingar á starfsemi Iðnskólans í Hafnarfirði jafngildi niðurlagningu skólans og að slík ákvörðun sé því háð endanlegri afgreiðslu Alþingis á fjárveitingum til skólans.

26. Í 48. gr. laga nr. 92/2008 er gert ráð fyrir að sé húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsskólalahalds sé það háð samkomulagi við aðra eignaraðila. Ætla verður að ráðstöfun skólahúsnæðis til *einkaaðila*, sem þó engu að síður ráðgerir að nýta það til framhaldsskólalahalds, geti falið í sér það viðamikla ráðstöfun að eðlilegt sé að viðeigandi *samráð* sé haft við eignaraðila þar að lútandi. Megi líta svo á að í ráðstöfuninni felist *verulegar forsendubreytingar* m.t.t. til núverandi rekstrarfyrirkomulags, er ekki útilokað að ráðstöfunin sé háð *samþykki* eignaraðila, þ.e. Hafnarfjarðarbæjar. Á sama hátt má líta svo á, með tilliti til samninga aðila frá árinu 1998, annars vegar um fyrirkomulag á leigu húsnæðis til starfseminnar og hins vegar á samningi við þriðja aðila um leigu og rekstur allt til ársins 2024, að eðlilegt sé að gera kröfur til þess að að a.m.k. sé haft *samráð* um breytingar á nýtingu húsnæðisins, sbr. og hér að framan. Að sama skapi má einnig ráðgera, á grundvelli tilvísaðra samninga, að teljist vera um verulegar forsendubreytingar að ræða, sé ráðstöfunin háð *samþykki* Hafnarfjarðarbæjar, og geti eftir atvikum leitt til þess að ríkinu beri að yfirtaka samningsskuldbindingar Hafnarfjarðarbæjar á grundvelli framangreinds samnings frá 18. desember 1998.

Minnisblað þetta er sett fram með hefðbundnum fyrirvörum og tekur mið af þeim gögnum og upplýsingum sem lágu til grundvallar samningu þess og þeim tímaramma sem var veittur.